

177. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu SORPU bs, fimmtudaginn 7. febrúar 2002, kl. 08:30.

Mættir eru:

Sigurros Þorgrímsdóttir sem stjórnar fundi í fjarveru formanns, Ingu Jónu Þórðardóttur.

Þuríður Jónsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Kristján Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir, Bryndís Þórðardóttir, Valdimar Svavarsson, Björn H. Halldórsson yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar og Ögmundur Einarsson framkvæmdastjóri.

Tekið fyrir:

- 1. Hlutfé SORPU í Efnamóttökunni hf - Eignahlutur til framtíðar?**
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra varðandi hlutfjáreign SORPU bs í Efnamóttökunni hf.
Stjórn fellst á tillögu framkvæmdastjóra og felur honum að ræða við stjórn Efnamóttökunnar hf um forkaupsrétt Efnamóttökunnar hf á hlutabréfum að nafnvirði 4.080 þúsund krónur.
- 2. Þróunarverkefni – stöðuyfirlit.**
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar kynna stöðu þróunarverkefna í vinnslu hjá SORPU bs.
Björn kynnir heimsókn fulltrúa SORPU og tæknimanna aðildarsveitarfélaga SORPU til Norðurlanda þar sem skoðaðar voru ýmsar lausnir í úrgangsmálum.
Kynnt skýrsla um ferðina. Stjórnarmönnum verður send skýrslan.
- 3. Önnur mál.**
 - a) Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir samanburð á niðurstöðu rekstrar við endurskoðaða áætlun fyrir árið 2001.
 - b) Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu nr. 35 fyrir janúar 2002. Þar er kynnt, nýr deildarstjóri móttökustöðvar, magntölur 2001, gassöfnun í Álfsnesi.
 - c) Framkvæmdastjóri kynnir nýútgefna bók á vegum gæða- og þjónustusviðs um Ævintýri Sebastíans Kassmanns sem ætlaður er börnum á aldrinum 6-12 ára.

Næsti fundur fimmtudaginn 14. mars klukkan 08:30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir
Valdimar Svavarsson
Kristján Guðmundsson
Þuríður Jónsdóttir
Helgi Pétursson

Guðný Halldórsdóttir
Ingibjörg Hauksdóttir
Bryndís Þórðardóttir
Ögmundur Einarsson
Björn H. Halldórsson